

Skýrsla fræðslunefndar 2023

Ný fræðslunefnd var kosin á aðalfundi í mars 2023. Þórunn Elsa Bjarnadóttir, Djurdja Kristjana og Fjóla Hrönn Guðmundsdóttir fóru úr nefndinni og í staðin komu Áslaug Ólöf Kolbeinsdóttir, Sonja Kjartansdóttir og Þorsteinn Bjarki Ólafsson.

Nefndina skipa:

Klara Sigurbjörnsdóttir, Hanna Guðmundsdóttir, Áslaug Ólöf Kolbeinsdóttir, Sonja Kjartansdóttir og Þorsteinn Bjarki Ólafsson.

Varamenn Guðbjörg Eyjólfsdóttir og Marta Haraldsdóttir.

Ef við förum aðeins yfir árið og þau námskeið/fyrirlestra sem við vorum með:

Apríl: vorum við með fyrirlestur um erfðamál á ZOOM. Fyrirlesari var Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir frá Lagastoð.

Maí: var skatturinn með kynning á Almannaheillskrá á ZOOM. Fyrirlesari var Guðlaug Guðjónsdóttir.

Á haustmánuðum var svo hið vinsæla tveggja daga exel námskeið sem Sigurður kennari var með.

Febrúar: vorum við með skattalagabreytingar á Zoom. Fyrirlesari var Elín Alma Arthursdóttir hjá skattinum.

Mars: vorum við með VSK hraðnámskeið á Teams í samstarfi við DK. Kennari var Jórunn Kristín Fjeldsted hjá DK.

Hið árlega ráðstefna félagsins var haldin á Grand hótél föstudaginn 24. nóvember 2024. Ráðstefnan var vel sótt um 200 manns mættu. Meðal þess sem þar var á dagskrá var Guðbjörg frá Deloitte sem fór yfir skattbreytingar og fleira. Við fengum Jón frá Aurbjörgu, Völu Valtýrsdóttur, kynningar frá DK og Reglu. Ingibjörg kennari frá Prómennt var með kynningu á Teams. Ebba Sig. kom og var með uppistand áður en við fórum í hádegishlé. Að vanda var boðið uppá glæsilegt jólahlaðborð að hætti kokkana á Grand.

Fræðslunefnd fór á fund með DK þar sem rætt var um samstarf DK og félagsins. Það kom heilmikið út úr þeim fundi. DK ætla að bjóða okkar félagsmönnum frí og ódýr námskeið. Þeir ætla að bjóða okkur á morgunverðafund til að skoða nýja húsnæðið þeirra í Kópavoginum, það mun verða á allra næstu mánuðum. DK ætlar að bjóða okkur fleiri hraðnámskeið eins og vsk námskeiðið var og einnig einhver önnur skemmtileg námskeið sem hægt verður að bóka með afslætti félagsmanna. Þetta verður allt auglýst betur síðar.

Við verðum með vinnustofu í apríl þar sem við lærum á Teams og hvernig bókkara geta nýtt sér Teams í sinni vinnu.

Einnig ætlar Regla að vera með kynningu og námskeið.

Og svo verður DK með námskeið

Virðingarfyllst

Fh. fræðslunefndar, Klara Sigurbjörnsdóttir